

8. fundur Ferðamálaráðs

3. desember 2015 kl. 11- 13

Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Mættir: Pórey Vilhjálmsdóttir formaður, Páll Marvin Jónsson varaformaður, Jón Ásbergsson, Ingibjörg Guðrún Guðjónsdóttir og María Reynisdóttir sem ritaði fundargerð.

Gestir: Ráðherra ferðamála, Ragnheiður Elín Árnadóttir og Ingvar Pétur Guðbjörnsson aðstoðarmaður ráðherra.

1. Ráðherra ferðamála – fréttir af Stjórnstöð ferðamála

Ráðherra ferðamála Ragnheiður Elín Árnadóttir sagði frá því að Stjórnstöð ferðamála færi vel af stað, kynningarfundir úti á landi gengu vel og fólk væri áhugasamt. Tvö stór mál eru í brennidepli, efling rannsókna og innviða. Verið er að fara vel yfir hvaða rannsóknargögn vantar svo og mögulegar breytingar á Framkvæmdasjóði ferðamannastaða t.d. að sjóðurinn verði bara fyrir einkaaðila og sveitarfélög, ekki ríkisframkvæmdir, og krafa um mótframlag lækkuð.

Fólk spyr mikið um formið á Stjórnstöðinni og hvernig hún eigi að virka með öðrum stofnunum. Upp kom sú hugmynd að fá Hörð í viðtal á næstunni, til þess að svara þessum spurningum. Velt var upp hlutverki Ferðamálaráðs í ljósi tilkomu Stjórnstöðvar. Ráðherra biður ráðið um að halda sínu striki. Ferðamálaráð þarf að vera í nánú sambandi við Stjórnstöðina og hægt er að sjá fyrir sér að það geti komið með innlegg í starfsemi hennar. Það kemur til greina að Ferðamálaráð fái aðgang að fundargerðum Stjórnstöðvar en hún er að setja sér starfsreglur.

Umræða um áætlun Isavia um gífurlega fjölgun farþega í gegnum Keflavíkurflugvöll sem var kynnt nýlega, og hvort innviðirnir munu geta haldið í við þróunina. Ráðherra segist hafa trú á því að ef vel tekst til með skipulagninguna þá gengur dæmið upp. En kortleggja þarf hvaða tæki eru til staðar ef kemur í ljós að þörf er á því að stemma mögulega við hraða fjölgunarinnar. Skynja má tregðu hjá fjárfestum að fjárfesta úti á landi vegna skorts á skilyrðum til heilsársstarfsemi. Því velt upp hvort hægt sé að skoða ívilnanir fyrir slíkar fjárfestingar.

2. Íbúðagisting – skýrslan frá Bifröst

Helstu atriði frumvarps til breytinga á lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald varðandi íbúðagistingu eru að skilgreint verður betur hvað er atvinnurekstur og hvað ekki, einstaklingar munu mega leigja út tvær eignir í allt að 90 daga á ári og það ferli einfaldað, m.a. verður einungis krafist skráningar, uppfylla þarf brunavarnir og þá verður númerakerfi til að auðvelda eftirlit. Enn er verið að skoða hvort eignir einstaklinga þurfi heilbrigðisleyfi. Ákveðið að María útvegi stutta kynningu á tillögum skýrslunnar og frumvarpinu á næsta fundi.

3. Önnur mál

- Ákveðið að ferli varðandi fundargerðir ráðsins verði þannig að fundargerð síðasta fundar verði ávallt samþykkt af fundarmönnum í byrjun næsta fundar á eftir.

- Ákveðið að taka markaðsmálin fyrir á næsta fundi í janúar og fá kynningu frá Íslandsstofu, ásamt stuttri kynningu á skýrslunni um íbúðagistingu og frumvarpið þar um.

Fundi slitið kl. 12:40.